

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-79/2015:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. september 2015 bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst skaðabóta.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 5. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 21. október. Með bréfi, dags. 4. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 28. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að 23. júlí 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.000.000. Var bifreiðin af gerðinni Nissan Qashqai, fyrst skráð í október 2007 og hafði á kaupdegi verið ekið 111.869 km. Segir álitsbeiðandi að fyrir kaupin hafi hún reynsluekið bifreiðinni og síðan spurt seljanda hvort það væri eitthvað sem hún þyrfti að vita um bifreiðina og ástand hennar. Seljandi hafi bent á litla dæld á vélarhlíf bifreiðarinnar, sem og brotna festingu á ljósi, en seljandi var búinn að panta nýja festingu og lofaði að senda álitsbeiðanda hana. Þá hafi seljandi tekið fram að bifreiðin hefði verið á verkstæði nokkrum mánuðum fyrr þar sem skipt hefði verið um hjólalegu vinstra megin. Daginn eftir kaupin segist álitsbeiðandi hafa orðið vör við mjög greinilegt rafmagnshljóð, sem hafi aðallega heyrst þegar bifreiðinni var ekið hægt. Taldi álitsbeiðandi að líklegt að þarna væri á ferð biluð hjólalega hægra megin, þar sem seljandi hafði aðeins látið skipta um legu vinstra megin. Pantaði álitsbeiðandi strax tíma á verkstæði og var skipt um hjólaleguna hinn 28. júní, 5 dögum eftir kaupin. Í millitíðinni segir álitsbeiðandi að seljandi hafi haft samband út af áðurnefndri ljósafestingu og þá hafi álitsbeiðandi spurt út í rafmagnsljóðið. Að sögn álitsbeiðanda mun seljandi orðrétt hafa sagt: „Ég er náttúrulega alltaf með bílinn fullan af börnum og músíkina á fullu“ og að því sögðu neitað því að hafa heyrt hljóðið. Viðgerðin á hjólalegunni bar ekki tilætlaðan árangur og áfram heyrðist sama hljóð frá bifreiðinni og var farið með bifreiðina á verskaði á nýjan leik. Var bifreiðin skoðuð betur og var niðurstaðan sú að hljóðið kæmi sennilega úr olíudælu í sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Var í kjölfarið leitað til annars verkstæðis, sem sérhæfir sig í skiptingum. Á verkstæðinu var álitsbeiðanda tjáð að afar óeðlilegt væri að sjálfskipting gæfi sig í svo lítið ekin bifreið af þessari gerð. Þá var henni og sagt að líklega væri um galla að ræða. Segist álitsbeiðandi telja að útilokað hefði verið fyrir hana, við skoðun á bifreiðinni fyrir kaupin, að átta sig á því að skipting bifreiðarinnar væri biluð, en við eðlilegar aðstæður þurfi 8 ára bifreið ekki nýja skiptingu. Segist álitsbeiðandi telja að bifreiðin hafi verið haldin alvarlegum galla og krefst þess að seljandi greiði fyrir kostnað við að bæta úr þeim galla. Telur álitsbeiðandi einnig að

seljandi hafi leynt gallanum fyrir sér, hann hafi þekkt bifreiðina vel og hlotið að hafa tekið eftir hljóðinu sem heyrðist frá sjálfskiptingunni.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamning og afsali vegna kaup á umræddri bifreið, afrit af reikningi vegna útskiptingar á hjólalegu, dags. 28. júlí 2015, afrit af reikningi vegna athugunar á hljóði frá sjálfskiptingu, dags. 27. ágúst 2015 og afrit af reikningi umboðsverkstæðis vegna skoðunar á sjálfskiptingu, dags. 9. september 2015

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi sjálfur keypt bifreiðina hinn 28. nóvember 2014 og að þá hafi bifreiðin verið ekin um 93.000 km. Segist seljandi ekki hafa látið söluskoða bifreiðina við kaupin. Bifreiðin hafi verið afar góð, en í mars 2015 hafi farið að heyrast frá henni hljóð. Hinn 13. mars var farið með bifreiðina í skoðun hjá umboðsverkstæði og var niðurstaða verkstæðisins sú að hljóðið kæmi frá hjólalegu. Skipt var um hjólaleguna hinn 24. mars á öðru verkstæði. Eftir viðgerðina hætti hljóðið. Bifreiðin var síðan sett á sölu hinn 20. júlí 2015 og seld til álitsbeiðanda hinn 23. júní. Segist seljandi hafa, við sölu, gert álitsbeiðanda grein fyrir því sem hann vissi um bifreiðina, t.d. dæld á húddi, brotna ljósafestingu og að fljótlega þyrfti að skipta um hjólalegu vinstra megin. Tekur seljandi fram að hann hafi ekkert vitað af hljóðinu sem álitsbeiðandi hafi heyrt eftir kaupin og rakið hafi verið til skiptingar bifreiðarinnar. Bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi kosið að láta ekki söluskoða bifreiðina fyrir kaupin. Meðfylgjandi andsvörum er afrit af reikningum og skoðunarskýrslum vegna viðgerða á hjólalegu o.fl.

#### V

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 23. júlí 2015 fyrir kr. 2.000.000. Bifreiðin er árgerð 2007 og fyrsti skráningardagur hennar 23. október 2007. Bifreiðin var því tæplega 8 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 111.869 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 23. júlí 2015; segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin  
c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð, þrátt fyrir fullyrðingar álitsbeiðanda um annað, að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna. Þó e.t.v. sé hægt að fallast á með álitsbeiðanda að seljandi hafi vitað af umræddu „rafmagnshljóði“ fyrir kaupin, er afar ólíklegt að seljandi hafi gert sér nokkra grein fyrir því hvaðan það hljóð kom, eða aðra þýðingu þess.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Seljandi hefur bent á það í andsvörum sínum að álitsbeiðandi hafi ekki látið óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin, þrátt fyrir að tilmæli þar að lútandi sé að finna í kaupsamningi og afsali. Má ætla að seljandi líti svo að þar sem álitsbeiðandi hafi ekki gert það, hafi hún fyrirgert rétti sínum til að kvarta undan galla á bifreiðinni. Þessi ályktun seljanda er upp að vissu marki rétt, þ.e. að kaupendur geti ekki, eftir kaup. kvartað undan göllum sem hefðu komið fram við söluskoðun á bifreiðinni. Gallar sem hins vegar hefðu ekki komið fram við slíka skoðun, en er afar líklegt að hafi verið til staðar við kaupin, geta kaupendur hins vegar kvartað undan, hvort heldur sem bifreiðin var söluskoðuð fyrir kaupin, eða ekki. Kærunefndin telur að líkt og hér sé háttað, sé afar ólíklegt, ef ekki útilokað, að komið hefði í ljós við hefðbundna söluskoðun á bifreiðinni, fyrir kaupin, að sjálfskipting bifreiðarinnar væri ónýt, eða í það minnsta afar illa farin. Þá telur kærunefndin að atvik málsins bendi eindregið til þess að bilunin í skiptingunni hafi verið til staðar við kaupin. Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Kærunefndin vill ítreka að ekkert bendir til þess að seljandi hafi verið meðvitaður um hve slæmt ástand bifreiðarinnar var.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist þess að seljandi greiði sér skaðabætur, sem nemi áætluðum kostnaði við að gera við skiptingu bifreiðarinnar. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hver sá kostnaður muni verða og verður nefndin því að meta bætur að álitum. Við það er haft í huga að bifreiðin var tæplega 8

ára gömul við kaupin og mátti álitsbeiðandi því búast við því að einhverra viðgerða yrði þörf á bifreiðinni. Þá ber einnig að horfa til þess að nýtt kemur í stað notaðs. Eru bætur hæfilega metnar kr. 350.000.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 350.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson